



# Lífgeislur

Tímarit um lífssambönd við aðrar stjörnur

9. tbl. Nóv. 1976



Tilgangur alheimsins er hin fullkomna samstilling við hinn æðsta mátt.

*Helgi Pjeturss*



# Geimskýið í Monoceros

(Sjá forsíðumynd)

Víða í vetrarbraut okkar (og í öðrum nálægum vetrarbrautum), má sjá mikil efnisský, sem einkum eru af vetni gerð. Vetni er undirstöðuefni alheimsins, það efni, sem allar sólstjörnur eru myndaðar úr. Vetni er dreift um alla vetrarbrautina, en í mjög misjöfnum mæli. Víða eru þétt geimský, svo að þau skyggja á stór geimsvæði, og á stjörnur, sem fjær liggja. Nefna mætti sem dæmi geimpökuna miklu í Veiðimannsmerki (Orion), Trifid-pökuna í Bogmannsmerki og geimpökuna í Höggormsmerki, en stjörnufræðingar telja þessar geimpökur bera glögg merki þess, að í þeim fari fram ör myndun stjarna — þ. e. sólna á frumstigi.

Ljósmyndin á forsíðu þessa blaðs sýnir eitt slíkt geimský. Það skyggir á hluta af stjörnumerkinu Monoceros, sem er í 4000 ljósára fjarlægð frá sólhverfi okkar.

Hinn frægi enski stjörnufræðingur Fred Hoyle bar fram þá kenningu að sísköpun efnis ætti sér stað í geimnum, og að nýjar stjörnur og vetrarbrautir væru því sífellt að myndast.

Nú orðið hallast margir stjörnufræðingar að réttmæti þessarar kenningar. Er hún og í samræmi við kenningu dr. Helga Pjeturss, sem hélt því fram, að hinn mikli verundur væri óendanlegur, og af því að hann væri óendanlegur væri hann alltaf að bæta við sig.

*Inguar Agnarsson*

## Erindi og greinar

### **DRAUMSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR —**

Árið 1956, að kvöldi þess 10. janúar, stóð ég við gluggann minn í herbergi á þriðju hæð á Reykjalundi og horfði til stjarna. Ýmsir annarlegir þankar fóru um hug minn og ég fann til einmanaleiks jarðarinnar meðal stjarna himinsins. Því að jörðin vissi ekki af sambandinu, og aðeins örfáir höfðu gert sér það ljóst. Mig hafði dreymt, og ég hafði gert mér grein fyrir eðli drauma, og ég hafði gert mér fullkomlega ljóst, að svona var það og öðru vísi ekki. En eitt er að vita og annað að geta látið aðra vita, og ég vissi það vel, að ekki mundi verða mikið mark á mér tekið eða þeim öðrum sem ég vissi, að höfðu komist að sömu niðurstöðu. Ég hafði keypt mér stjörnusjónauka og nokkrar stjörnufræðibækur og reynt á þann hátt að afla mér fróðleiks. En ég vissi, að þetta var léttvægt bæði á mælikvarða þeirra sem kölluðust vita um slíka hluti og hinna sem ekki vissu, — og vonin um að geta orðið að liði hinu mikla máli, sem svo mörgum virtist vera lítið mál eða varla það, virtist harla lítil.

Ég sofnaði, og mig dreymdi. Mér þótti ég vera staddur á bernsku-slóðum mínum, fyrir framan gamla timburhúsið, og þó að ég horfði ekki á húsið í draumnum, skildi ég á eftir að þetta hús var öðruvísi. Var þetta sama húsið sem mig hafði dreymt í Danmörku að ég sæi tilsýndar, þaðan sem ég var að koma heim á fornar slóðir og klökknaði svo að ég varð (í draumnum) sem yfirkominn af því magni minninga og tilfinninga sem bundnar voru því húsi? Ég veit ekki hvort þetta var sama húsið, en hugblærinn yfir báðum þessum draumum var líkur. — Ég tók vinstri hendi inn fyrir dyrastafinn (það er ekki hægt á bernskuheimili mínu) og sveiflaði mér, og ég leit til himins og naut kyrrðarinnar og friðsældarinnar sem ríkti á þessum stað. Við mér blasti allhátt á himni stjörnu-merki sem festist mér vel í minni. Ég geri ráð fyrir að draumgjafa



mínum hafi verið merki þetta vel kunnugt, og sjálfur er ég ekki í vafa um hvernig það leit út. Ég mundi það svo vel þegar ég vaknaði, að ég var viss um að þar fór ekkert á milli mála. Þetta var Óríon eða mjög líkt honum, og hef ég greint frá einstökum atriðum þessarar athugunar og ályktunum út frá þeim í grein í Íslenzkri stefnu, apríl 1956.

Árin liðu og ég gat ekki hætt að hugsa um drauminn. Mig langaði til að dreyma meira. Hefði ég getað skammtað mér svo sem tíu, jafnvel ekki nema fimm eða þrjá slíka drauma, hefði ég mátt hafa þaðan sannanir, sem menn hefðu átt því erfiðara með að rengja sem þeir hefðu vitað meira um stjórnurnar. En slíkir draumar komu ekki, og þó að ég skildi vel af hverju þeir komu ekki, þá hef ég saknað þeirra — og látið þar við sitja.

Hvers vegna er það, að slíkir draumar eru svo eftirsóknarverðir að nálega allt líf manns snýst um þá eftir að þeir eru einu sinni dreymdir? Það er af því, að guð er þar nálægur, þetta heimssamband lífsins, sem allt á rætur sínar til að rekja, og allt á þátt sinn og hlutdeild í. Þegar samband verður milli íbúa hinna ófullkomnu hnatta, frumlífsjarða þar sem þessi þekking er á frumstigi, þá er eins og skímu leggi af hinu æðra lífi, á enn öðrum hnöttum, inn í samband okkar hinna ófullkomnari, sem erum að byrja að taka fyrstu skrefin í rétta átt, og uppspretta lífsins kemur oss nær.

Það er í kvöld, þann 13. nóvember 1976, að ég hef tekið þá ákvörðun að vera ekki lengur að horfa eftir draumum sem ekki koma. Ég gekk út eftir rigninguna og leit upp í rofin milli skýja, og ég skildi það svo vel að nú þarf ég þessa ekki lengur. Fjöldi fólks á landi hér er nú ljóst orðið, að þeir og þær eru sjálf lífgeislunareðlis. Það sem Helgi Pjeturss skrifaði forðum, um samband og lífgeislun, og geislar fram af nærri hverri blaðsíðu hjá honum, er nú að verða almennur fróðleikur á landi hér, sem engum lifandi manni dettur í hug að draga í efa. Menn vita það ofur vel, að það sem kemur fram á ljósmynd er ekki hugarburður. Og þegar svo er komið er aðstaða okkar hér orðin öll önnur en áður hefur verið. Þar sem áður var veikt aflsvæði og naumlega þiggjandi, er nú að verða öflug sendistöð lífrænna áhrifa í alheimi. Hugur okkar er kraftmeiri en áður var. Í stað þess að vera aðeins þiggjendur og þráendur geislanna, erum við nú orðnir með nokkrum hætti veitendur. Við geislum huga okkar út í geimdjúpin og látum þá sem þar eru vita af því sem hér er. Við sýnum þeim borgina við flóann og þorp og sveitir lands með sjónsendingum, segjum



þeim þjóðarsögu og framtíðarhorfur með hugsendingum, birtum þeim vorar innstu hugrenningar og vandamál. Hvar þessar hugsendingar koma niður ræður hin milda forsjón alsambandsins. En víst er að þær koma langhelst niður á þeim hnöttum sem hliðstæðastir eru, það er á frumlífshnöttum á hættustigi, þar sem hreyfing í rétta átt er að vakna, en á erfitt uppdráttar. Á ótal frumlífshnöttum eru ástæður ekki ólíkar því sem hér á jörðu er. Við sendum kraft okkar til þeirra sem bestir eru þar, þjóðernistilfinningin fer að eflast að nýju, og framgangur verður umtalsverður. Byrji virk framvinda hér, mun hún ýta undir hið sama annars staðar. Og þaðan kemur endurkast síðar. Byrjunin er að menn geri sér ljóst, að þeir eru ekki aðeins þiggjendur draumsambanda frá öðrum hnöttum heldur einnig sendendur þess sem þeir sjá og skynja og gera hér — á óhjákvæmilegan, eðlisfræðilegan hátt. Þegar svo er komið að nokkrir eru farnir að hugsa þannig hér, fer rödd jarðarinnar að heyrast á þingi hnattanna. Í samkór himnanna heyrst ómur frá gömlu Jörð, lágur í fyrstu en síhækkandi, uns hinn hljóði strengur hefur að fullu bætt upp þögn sína.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## TVEIR FRÁSÖGUPÆTTIR.

### I.

Í „Gráskinnu“ þeirra Sigurðar Nordals og Þórbergs Þórðarsonar, seinna bindi bls. 157 til 161, er frásaga, sem ber heitið, „Sæl vertu“, og er hún í styttnu máli á þessa leið:

Ráðskona hjá fjögurra manna skipsáhöfn, sem vorið 1942 stundaði veiðar frá Hól mavík við Steingrímsfjörð, var á heimleið að afloknu verslunarerindi þar í staðnum, og var það snemma dags og í glaða sólskini. Þegar hún var skammt komin frá búðinni, þar sem hún hafði verslað, sér hún konu koma fram úr sundi milli tveggja húsa og stefna á móti sér á götunni, sem hún gekk, en ekki á sömu vegarbrún. Virtist frásegjandanum í fyrstu, að kona þessi tæki ekki eftir sér. En þegar þær voru komnar á hlið hvor við aðra, þá snarbeygir hún þvert yfir götuna, réttir fram hönd sína og segir: „Sæl vertu“. Segist ráðskonan þá taka pakka, sem hún var með undir hægri handlegg, leggja hann undir vinstri hönd sína, rétta fram hina hægri og segja hálfhikandi: „Komdu sæl.“



„Og þarna tókumst við í hendur,“ segir sjómannaráðskonan. „Hún tók snögg og fast í hönd mína, ekki upp í greip, en um fingurna.“

Nokkra stund segist ráðskonan hafa staðið þarna gegnt konu þessari, sem hún aldrei hafði séð og síðar kom á daginn, að verið hafði aðeins svipur eða einhvers konar eftirlíking látinnar konu þarna í þorpinu. Segir ráðskonan, að konan hafi horft á sig hvasst og rannsakandi, og sér hafi komið í hug að spyrja, hvort hún tæki sig ekki fyrir einhverja aðra en hún var. En vegna þess, hve konan hafi verið óviðkunnanlega furðuleg, hafi hún hætt við það. Eitthvað segist ráðskonan hafa farið að líta eftir því, hvort ekki væru þarna fleiri á ferli, og hafi þá séð konu í svo sem 5 metra fjarlægð frá sér í húsagarði, halla sér upp við grindur og horfa þangað, sem þær tvær stóðu á veginum. Þóttist ráðskonan vita, að athygli hennar beindist síður að sér en konunni, sem verið hefði svo sérkennileg að útliti og háttum. Loks segist ráðskonan svo hafa gengið þegjandi í burtu, litið þó við eftir litla stund, og séð hina fyrr nefndu konu hverfa inn í hús.

Megi treysta frásögn þessari, sem í alla staði er hin greinilegasta, þá er hér naumast nema um tvennt að ræða til skýringar. Annað hvort hefir konan verið líkamningur eða sambandssýn, og mun þó mörgum finnast, að líkamningsskýringin liggja beinna við. Konan, sem segir frá, virðist ekki hafa verið öðruvísi en vakandi. Hún virðist gera sér fulla grein fyrir umhverfi sínu og því, sem þar var að gerast. Og hér var ekki einungis um það að ræða að sjá, heldur einnig um snertingu og heyrn, og hefði konu-svipurinn eftir því naumast átt að vera ósýnilegur venjulegum augum. En þó var raunin hér ekki sú. Samkvæmt frásögu ráðskonunnar, þá frétti hún það seinna „úr fleiri en einni átt,“ að konan, sem stóð við grindurnar og horfði á þær tvær, hefði ekki séð þarna nema hana eina, og því furðað sig mjög á viðbrögðum hennar og háttum þarna á götunni.

## II.

Í grein minni, *Athyglisvert dæmi*, leitast ég við að skýra viðfangsefnið á þann hátt, að þar hafi verið um ástæðissamband að ræða, skynjan til atburðar á öðrum en líkum stað. En þó að viðfangsefnið virðist hér vera mjög samskonar og þar, greinileg skynjun manns, sem aðrir viðstaddir skynjuðu ekki, þá þykir mér nú sem enn eitt frásögudæmið mætti hér verða til aukins skilnings. Er það dæmi einnig að finna í hinu sama Gráskinnubindi, á bls.



250 til 51, og ber fyrirsögnina: „*Hundur fylgir banamanni sínum.*“ Er frásagan þannig, að hund skorinn á háls bar fyrir konu eina á skólasetrinu í Ólafsdal kvöldið áður en maður nokkur kom þangað til gistingar og nokkurra daga dvalar. En forsaga þessarar sýnar var sú, að maður þessi hafði eitt sinn ætlað að lóga hundi á þann hátt að skera hann á háls, en mistekist það. Hafði hundurinn hlaupið frá mannum, sem svo hafði fundið hann dauðan nokkru síðar. Og þar sem mér þykir nú fráleitt að ætla, að varanlega hafi hundurinn haldið áfram að vera í þessu ástandi, sem fyrir konuna bar, þá þykir hér hið hugsanlegasta, að hún hafi fengið þátt í minningu mannsins um þessi mistök sín, sem sjá má af frásögunni, að tekið hafi sér þau nærri. Er þess einmitt getið, að hann hafi jarðað hundinn með viðhöfn og reist yfir honum minnisvarða. Má af slíku ætla, að honum hafi hinn hálsskorni hundur verið minnisstæður. Og gæti nú ekki verið, að um leið og nokkurri birtu bregði héðan á eðli ýmsra fylgjusvípa, megi einnig gera sér eitthvað aukna grein fyrir því, sem bar fyrir nefnda sjómannaráðskonu? Þótt ástæða sé til að ætla, að til stuðnings allri glöggri minningaupprifjun þurfi eitthvert samtíma ástæði að vera til, þá mætti hér hugsa sér, að t. d. konan hjá grindunum eða þá einhver í búðinni hafi átt einhverjar þær minningar um hina látnu konu, sem mótað hafi skynjun ráðskonunnar. Var þar líka um nokkuð það að ræða, sem líklegt var til þess að geta orðið minnisstætt hverjum, sem séð hefði, en hins vegar mjög ólíklegt til þess að hafa orðið varanlegt í framlífi. En það er, hve hin látna kona var þarna, samkvæmt útliti svips hennar, óhugnanlega horuð og á annað hátt sjúkleg, og er einmitt þessa getið í hinni upprunalegu frásögu, þó að ég tæki það ekki upp fyrr en hér í lokin.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.*

## **M Y R .**

### Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum

Birtu þráir sá, er býr í sorta,  
svart ef eðli ber ei sér í hjarta.

—  
Víðsýnn leitar vits í allri skoðun.



## FJÓRTÁNDA ÖLDIN —

Um síðasta hluta 13. aldar og upphaf hinnar 14. hefur Helgi Pjeturss haft þau orð, að „þegar Sturlungu sleppir, þá er eins og myrkrið leggist yfir í sögu þjóðarinnar,“ en bætir svo við að „í biskupasögunum síðustu er enn rökkur.“ Þetta kynni að virðast nokkuð undarlegt frá sjónarmiði þeirra sem álíta að sagnfræðivitneskja um hvern tíma fari mest eftir fjölda samtíðaheimilda, og þegar þess er gætt að yfirleitt fer rituðum heimildum fjölgandi eftir því sem nær dregur nútímanum. Ekki hvað síst á þetta við um fjórtánda öldina gagnvart fyrirfarandi öld. Það er ólíkt hvað miklu meira er til af rituðum plöggum frá fjórtánda öld en frá tólftu og þrettánda, sem þó eru kallaðar ritaldir, fremur en nokkur annar tími í sögu Íslendinga.

Þegar að er gætt er hins vegar ekki um að villast að þetta er eins og Helgi Pjeturss og samtíma sagnfræðingar hans litu á það. Einstök rituð plögg eru allt annað en glöggskyggni á aldarfar og atburðarás, og sú sagnfræðiritun sem af þeim rótum sprettur. Slíka glöggskyggni áttu þeir til hinir íslensku söguritarar á 12. og 13. öld: Snorri Sturluson, Ari fróði, Sturla Þórðarson og fjölmargir aðrir, sem afburðamenn mega teljast á sviði sagnfræði. Ljós þeirra lýsir ekki aðeins yfir samtíma þeirra, heldur einnig langt fram á horfnar aldir. „Aldrei hefur saga verið rituð eins og þá.“

En fjórtánda öldin átti ekki slíka snilli til að bera. Hún er í rauninni myrkur tími, enda þótt ýmsar heimildir hafa geymst um hana. Þegar ég les þessar heimildir, fornbréf, sögubrot, annála, þá finn ég mest til þess hve sundurslitið þetta virðist allt vera, og án tengsla við aðalatburði aldarinnar. Til dæmis það sem lesa má í fornbréfum um Órækju Sturluson í Fróðársveit, óefað afkomanda Sturlunga og líkan þeim í skaplyndi. Hvað eftir annað má sjá í bréfunum hvernig ábótarnir á Helgafelli eru að því komnir að taka af honum jörðina, og hvað eftir annað verst hann þeim með ýmsum ráðum. Einu sinni er hann ekki heima þegar þeir koma, og fá þeir þá konu hans til að gefa sér jörðina fyrir sál Órækju. Lesandinn býst við að nú sé sagan öll, en svo er þó ekki, því nokkru síðar er Órækja enn kominn í málaferli við klausturhöfðingjana og situr enn jörðina. Þarf ekki að efa hverju slíkum manni hefur verið heitið eftir dauðann, á þeirri öld.

Það er eitt sem sérstaklega er íhugunarvert um 14. öldina, að



Svartidauði, sem geisaði um alla Evrópu um 1348—1350, skyldi ekki berast hingað til lands, eins og til dæmis til Noregs þar sem hann eyddi allt að  $\frac{3}{4}$  landsfólksins, sumir segja  $\frac{9}{10}$  á sumum svæðum. Menn munu segja að einangrun hafi valdið. En slíkt er ekki einhlítt. Árið 1347 er þess getið að 21 millilandaskip höfðu vetrardvöl á Íslandi, og er það furðumikil sigling á þeirri tíð. En jafnframt er þess getið sama ár að „biskupar gerðust svo harðir við landsfólkið, að landsfólkið þóttist naumast mega undir búa.“ Varla hafa þeir verið linari í Noregi, þar sem sjálfur erki-stóllinn var, og miklu minni andstaða gegn kúgun þeirra hygg ég hafi verið þar, enda fór svo að Íslendingar ráku báða þessa biskupa af höndum sér sama ár, og var landið því biskupslaust meðan Svartidauði geisaði um álfuna.

Annar þessara manna var Jón Sigurðsson Skálholtsbiskup hinn norski, sá sem brenna lét Kristínu nunnu í Kirkjubæ, og setja Eysteín skáld í hálsjárn,<sup>1)</sup> en hinn var Ormur Ásláksson. En svo mikill kjarni var enn eftir í Íslendingum þegar þetta var að þeir ráku báða þessa biskupa af höndum sér, árið 1347 og var landið því biskupslaust meðan svartidauði gekk um álfuna, og lést Jón biskup úr sýkinni en Ormur biskup kom aftur og lifði fá ár án þess að ná nokkurn tíma fullri uppreisn. En skyldi nú ekki vera eitthvert samband milli þess hve skörulega landsmenn ráku þessa ofbeldismenn af höndum sér árið 1347 og þess að plágan komst ekki hingað til lands í það sinn? Út frá lífaflfræðiskilningi er slíkt langt frá því að vera neitt óhugsandi.

Líklegt er að mannfjöldi hafi hér staðið nokkuð í stað á 14. öld þrátt fyrir harðstjórn, öld og hungurdauða með köflum. Mætti vel giska á að landsmenn hafi verið um 100.000 alla þá öld. Húsarústir sem grafnar hafa verið upp í Skaftafellssýslu benda til stórbúskapar, og sjávarútvegur mun hafa farið vaxandi. Eitthvað hafa þau verið að vilja hingað þessi 20 millilandaskip. En miklu misskiptara mun hafa verið auði landsmanna á þessari tíð en hinni undangengnu, og munu stórhöfðingjar hafa grætt mest en alþýða manna verið fátæk og lítilsmegandi. Grimmd og miskunnarleysi fór vaxandi, og það er mikill misskilningur þegar menn halda að allt hafi hér komist í ró og spekt þegar róstum Sturlungaaldar linnu. Líklegra er hitt að lífið hafi verið mun erfiðara og óbærilegra á síðari hluta 14. aldar en um miðja 13. öld.

---

<sup>1)</sup> hálsjárn: gapastokkur.



Býsna merkileg heimild um 14. öldina er hið mikla kvæði Eysteins Ásgrímssonar, Lilja, sem oft er talið eitt af dýrgripum íslenskra bókmennta. Í Lilju, er hið guðfræðilega kerfi miðalda alveg heilsteypt, og það er trúað á það, allt frá „Adams falli“ til „endurlausnar“. En mest trúir skáldið þó á Maríu, og er sem skynja megi neyð aldarinnar í bænarandvörpum hans til hennar:

María græð þú mein hin stóru  
María ber þú smyrsl á sárin.

Hafi Eysteinn verið náinn vinur nunnunnar Kristínar, sem brennd var, þarf engan að undra það djúp örvæntingar og um leið þann styrk aðdánlegrar karlmennsku sem býr að baki hinna voldugu bænarorða Lilju. — En sumt er í Lilju miklu glaðara og skemmtilegra um að hugsa en þetta, eins og til dæmis í upphafserindinu, þar sem hann segir um guð að hann sé

ei þurfandi staði né stundir  
staði haldandi í kyrrleiks valdi.

Þessi hugsun minnir á forngríska heimspekinginn Parmenides, sem sagði eitt hvad á þá leið, að tilveran væri öll sem eitt, og að hið liðna og ókomna væri samtengt en ekki sundurgreint.

Þrátt fyrir mikið skáldskapargildi Lilju, tel ég hana ekki samþæfilega við Divína Comedia Dantes frá fyrsta hluta fjórtándu aldar eða hin íslensku Sólarljóð, frá 12. öld sennilega. Í báðum þeim kvæðum er um að ræða lýsingar frá öðrum jarðstjörnum, sem borið hafa fyrir skáldin. En í Lilju er „kerfið“ allsráðandi, og eiginlegri skyggni ekki til að dreifa.

Eins og Kaupmannahöfn var á síðari öldum hinn erlendi höfuðstaður Íslands, eins og hið yfirskyggjandi vald frá Washington og Telaviv er það að vissu leyti nú á dögum, eins var Niðarós hinn mikli staður í augum Íslendinga á 14. og 15. öld. Í rauninni voru sambönd Íslendinga við Niðarós svo nán allt frá 10. til 16. aldar, að það er engin furða þó að manni verði undarlega innanbrjósts að koma í dómkirkjuna í Niðarósi, og finnist maður jafnvel eiga þar að vissu leyti heima hvað sem öllum trúarsetningum líður. Og alveg sérstaklega á þetta við um 14. öldina. Flestir biskupar landsins voru þar vígðir til embættis alla þá öld, og í rauninni virðist vald erkistólsins hafa verið hér miklu fastara en konungs-



valdið norska, sem var orðið laust í reipunum og leið reyndar undir lok með Ólafi unga Hákonarsyni, sem lést árið 1387. Tveim árum síðar segja annálar að „tók Margreta dróttning ríkisstjórn í Noregi og Danmörk,“ en geta ekki um Ísland. En öðrum tveim árum síðar segir annállinn að „héldust öll drottningarvöld á Íslandi,“ og er þar með í fyrsta sinn skýrt að orði kveðið um yfirráð Dana yfir Íslandi, svo að einhvern tíma á þessum tveim árum hafa þau völd komist á. Hefur verið furðu hljótt haft um þann atburð í söguritum Íslendinga, svo afdrifaríkur sem hann átti eftir að verða í sögu þjóðarinnar. Og það má reyndar um hann segja eins og margt fleira í sögu hinnar fjórtándu aldar, að myrkt er yfir honum og hann „glórir í rökkrinu.“

*Porsteinn Guðjónsson.*

## SÝN Á MIÐILSFUNDI

Mánudaginn 5. apríl tók ég þátt í sambandsfundi að Álfrólsvogi 121. Þetta var þriðji fundurinn sem ég tók þátt í. Á þessum fundi kom nokkuð merkilegt fyrir mig. Þrjár miðlar voru á fundinum: Ragnar, Sveinn og Örn. Fundurinn hófst með því, að Swedenborg talar (Ragnari) og býður sitjurum fundarins að þiggja þann kraft er standi til boða. Síðan talaði Helgi Pjeturss (Sveini) og sagði að hér væri kominn mikill fjöldi framliðinna (eða eitthvað á þá leið).

Ég trúði því ekki meir en svo, að sambandið væri raunverulegt, hafði ég þó orðið var einhverra áhrifa á hinum fundunum, einkum eftir á, en ég var í vafa um hvernig bæri að skýra það.

Nú gerist það, að ég halla mér aftur á bak í sætinu, slaka á og loka augunum. Fannst mér þá kona í einhverjum bláum klæðnaði (sem ekki var þarna í salnum) sitja hjá mér og horfa á mig. Þá opnaði ég augun, og sá ég þá, eins og á veggnum fyrir framan mig (þar sem dyrnar eru) og á hægri hönd mér margar raðir af andlitum, hverja upp af annarri og alveg upp undir loft. Voru andlitin eins og blágrá að lit og augun eins og dökk strik til að byrja með en tóku síðan á sig eðlilegan lit, og kom þá dýpt í myndina, og var sem ég sæi mikinn fjölda fólks. Reyndi ég þá að horfa betur, en þá urðu þau aftur blágrá, sérstaklega þau sem voru fjær. En þau sem voru nær (á veggnum hægra megin) héldu



betur eðlilegum lit. Og nokkru nær og neðar sá ég mann sitja í stól og sneri að mér vinstri hlið; ekki sá ég andlitsdrætti á svip þessum, en mér virtist hann hafa alskegg, þessi svipur var bjartur að sjá. Mér fannst ég kannast eitthvað við þennan svip, en kom honum ekki fyrir mig þarna á fundinum. Þessi sýn var stöðug og ekki flöktandi og stóð yfir þar til Ragnar fór, en hann þurfti að fara nokkru áður en fundi lauk, og stuttu eftir að hann var farinn dofnaði sýnin og hvarf síðan. Ekki sá ég neinn sem ég þekkti í sýn þessari, en manninn sem sat í stólnum fannst mér ég kannast við og fór ég að hugleiða þetta betur eftir að ég kom heim. Var þá eins og rynni upp fyrir mér ljós og ég fór að athuga myndir af Helga Pjeturss í Nýal og fannst mér ég þá kannast við höfuðlagið, en ég vil þó ekki fullyrða að þetta hafi verið hann.

*Hafsteinn Jósefsson.*

## UM FÓRNARDÝR VÍSINDANNA

★ Nú eru tímar dýrkunar vélrænu og tilfinningaleysis. Tækni-framfarir og aukinn hagvöxtur eru skurðgoð nútímans. Í slíku andrúmslofti eru ekki undur, þótt virðing fari þverrandi fyrir atriðum, eins og mannúð o. þ. u. l. Enda sér þessa merki alls staðar í þjóðfélögunum. Hér er ætlunin að benda á eitt þessara atriða: meðferð tilraunadýra.

★ Árið 1975 kom út í Bretlandi bók, sem ber nafnið „Victims of science — the use of animals in research<sup>1)</sup>“ eftir sálfræðinginn Richard D. Ryder, sem starfað hefur við tilraunasálfræði í Bandaríkjunum og Bretlandi. Í fljótu bragði virtist ástæða til að ætla, að bók þessi veki mikla athygli í hinum s. k. siðmenntaða heimi, a. m. k. Að vísu veit ég lítið um viðbrögð fjölmiðla í öðrum löndum gagnvart bók þessari, en alla vega hefur hún ekki komið neinu teljandi róti á huga starfsmanna fjölmiðla hér á landi.

★ Er ætlunin að gefa hér örlitla hugmynd um viðfangsefni bókar þessarar. Mun að mestu leyti verða vitnað beint í bókina — teknar glefsur úr henni, enda mun efnið skila sér best þannig í þessu tilfalli.

---

<sup>1)</sup> *Fórnardýr vísindanna — notkun dýra við rannsóknir.*



## I *Breskar tölur.*

Fjöldi dýra, sem notuð eru við tilraunir á Bretlandi einu saman árlega skiptir milljónum (sbr. línurit 1). Hlutfall læknisfræðilegra tilrauna fer sífellt minnkandi (62,02% árið 1920 — 31,65% árið 1972) — sbr. línurit 2.

A. m. k. 100 milljónir dýra eru notuð við tilraunir árlega í heiminum — trúlega er fjöldinn í *rauninni* meira en tvöföld þessi tala.

## II *Á bak við tölurnar.*

Dæmi um dýratilraunir á vegum iðnaðar- og verslunar eru tilraunir varðandi snyrti- og hreinlætisvörur, bragðefni, bón, frostlegi o. fl. Þessi efni eru neydd ofan í tilraunadýrin til að athuga hve mikinn skammt þau þurfi til að drepast.

Í Bandaríkjunum og víðar færist í vöxt, að skólabörn séu látin gera tilraunir á dýrum. Dýrin eru stundum höfð í skólunum mánuðum saman áður en þau eru drepin og geta, a. m. k. í sumum tilfellum myndast náin tengsl á milli þeirra og nemendanna. Algengt er, að aflífun þessara dýra sé framkvæmd óhönduglega.

Algengustu tilraunadýrin eru rottur. Verjendur dýratilrauna tala oft um rottuna, eins og hún teldist varla til dýra, og þeir sem berjast fyrir velfarnaði dýra hika við að sýna samúð með dýri, sem hefur þvílíkt nafn. En hin vinasnauda rannsóknarstofurotta á óorðið alls ekki skilið, því hún er gáfað dýr með vel þroskaðan heila. Við þokkalegar aðstæður er hún mjög virk, gáskafull og er furðulega þrífín. Að líta á fjölda grimmdarlegra tilrauna sem afsakanlegan vegna þess, að þær voru „aðeins framkvæmdar á rottum“ eru hrapaleg mistök. Þessi dýr þjást ekkert síður en hundar, kettir eða önnur dýr, sem menn venjulega hafa meiri tilfinningu fyrir. Hvíta rottan er fremur öðrum dýrategundum eða afbrigðum fórnarlamb vísindanna — milljónir þeirra deyja árlega í rannsóknarstofum víðs vegar í heiminum. En þær eru ekki vélar — þær eru viðkvæmar lífverur.

Hugsanlega er nú meiri hluti tilraunadýra notaður við athuganir á eiturverkunum ýmiss konar efna, sem framleidd eru til almennrar neyslu. Í nýlegri yfirlitsbók eru upplýsingar um eiturverkanir hundruða mismunandi vörutegunda. Dæmi: skordýraeitur, frostlegir, bremsuvökvar, kirkjukerti, fægilögur, ofnhreinsarar, svítalyktareyðar, barnapúður, baðsölt, augnskyggingar, litir, blek, hárlakk. Listi yfir hreinlætis- og snyrtivörur þekur átta blaðsíður.



### **LD 50 — prófanir.**

Svo að segja öll efni eru banvæn, séu þau gefin inn í nógu stórum skömmtum. Það hefur komist í tísku að athuga dauðamörk ýmis konar verslunarvarnings, og ekki virðast vera nein skynsamleg takmörk fyrir því, hvers konar varningur er prófaður með þessum hætti.

Venjulega felst athugunin í því, að neyða hreinum skammti þess efnis, sem er í athugun, niður í tilraunadýrin til að athuga, hve stóran skammt dýrin þurfa til að deyja innan fjórtán daga. Þetta er kallað LD 50 — prófun (LD: lethal dose (dauðaskammtur) — 50 stendur fyrir 50% (þ. e. helming dýranna)).

### **Prófanir á langtímaeiturverkunum.**

Við slíkar prófanir er tilraunadýrunum gefið inn viðkomandi efni daglega vikum, mánuðum eða jafnvel árum saman. Eitrunaráhrif eru athuguð og krufning framkvæmd, eftir að efnið hefur gengið af dýrinu dauðu. Meðan dýrin eru að þjást af eitrunaráhrifunum, verða þau að gangast undir stöðugar og óskemmtilegar athuganir, s. s. blóð- og heilavökvaprófanir.

Þessar grófu og grimmúðlegu prófunaraðferðir eru oft gagnrýndar af sjálfum eiturefnafræðingunum, sem telja þær svo að segja tilgangslausar — „í framkvæmd eru þær gagnslitlar og kosta mikinn fjölda tilraunadýra“ er skoðun sumra og Dr. S. B. de C. Baker hefur sagt um þær: „Aðalgagnið af þeim er vísbendingar um þann skammt /af viðkomandi efnum/, sem þarf til að framkvæma sjálfsmorð.“

Enda þótt tilraunadýr kosti mikið fé og ýmsar aðrar prófunaraðferðir lofi góðu (sbr. síðar), er lítið gert til að þróa þær aðferðir.

Stór hluti prófana á dýrum hefur ákkert raunverulegt vísindalegt gildi, en eru framkvæmdar til að fullnægja lagalegum eða formlegum kröfum eða samkvæmt ósk auglýsingadeilda viðkomandi framleiðslutyrirtækja.

### **Áhrif ýmissa efna á dýr gefa oft rangar upplýsingar um áhrif þeirra á menn.**

Gott dæmi um þetta er thalodómide, sem orsakaði fyrir nokkrum árum, að fjöldi barna fæddist vanskapaður. Efnið hafði ekki haft nein slík áhrif á tilraunarottur. Dæmi um hið gagnstæða:



cortisone, sem orsakar vanskapanir hjá rottum, en ekki hjá mönnum.

### III Tilraunir, sem ekki gegna læknisfræðilegum tilgangi.

#### 1. Prófanir á snyrti- og hreinlætisvörum.

Freyðibaðvörur, andlitskrem, svitalyktareyðar og nönur slík efni hafa verið vandlega prófuð á dýrum. Fjöldi breskra fyrirtækja hafa lýst því yfir, að hreinlætisvörur þeirra hafi verið prófaðar á dýrum með tilliti til húðertingar og eiturverkana. Opinberar skýrslur fyrir júní 1973 sýna, að næstum 100 nýjar tegundir snyrti- og hreinlætisvara koma vikulega á breskan markað til að fullnægja þörfum rúmlega 21 milljón kvenna.

Prófanir á snyrtivörum eru þrenns konar: augnskemmdaprófanir, húðskemmdaprófanir og mötunarprófanir.

Mötunarprófanir fara þannig fram, að snyrtivörum er dælt ofan í maga tilraunadýranna með magapípu og athugað, hve stóran skammt þarf til að drepa helming dýranna (LD 50 — prófun). Þar eð flestar snyrtivörur eru lítið eitradar, þá þarf eigi að drepa rottu eða hund með þeim, að neyða mikið magn snyrtivara niður í maga þeirra — og drepa þau þannig með að teppa eða eyðileggja innri líffæri, fremur en að um efnafræðileg áhrif frá snyrtivörum sé að ræða. Auðvitað er það í sjálfu sér ákaflega ógeðfellt að troða fæðu í dýrin geg nvilja þeirra — jafnvel þótt um góðan og hollan mat væri að ræða, svo sem til dæmis fangar í hungurverkfalli hafa fengið að reyna. Þegar það, sem troðið er niður í magann, er svo ekki einu sinni fæða, heldur mikið magn andlitspúðurs, „meik-öps“ eða hárvökva, eru þjáningarnar margfalt meiri.

Við prófanir byrja eiturefnafræðingarnir á fullkomlega banvænum skömmtum og vinna síðan niður á við. Það er erfitt að ímynda sér mann neyða (og það getur krafist mikillar líkamlegra krafta) mikið magn snyrtiefna niður í dýr, sem berst um á hæl og hnakka og kúgast — með þeim afleiðingum, að dýrið deyr örugglega. Meðal hryllilegustu pyntinga rannsóknarréttarins var að pína vatn niður í kok manna, en nú er lítið á það sem eðlilegt formsatriði að neyða hreinlætisvörur niður í kok dýra.

Dæmi um breska tilraun:

Ýmsar vörutegundir hafa verið prófaðar með tilliti til augnskemmda á Unilever rannsóknarstofunni Colworth/Welwyn, Colworth House Sharnbrook. Bedford. UK. Notaðar eru hvítar kanínur frá Nýja-Sjálandi:



„Engin svæfilyf voru notuð við þessar rannsóknir, en kanínurnar voru skorðaðar af á meðan prófun var framkvæmd og í fimmtán mínútur þar á eftir. Efnin, sem prófuð voru, voru aðallega sjampótegundir og aðrar gerðir sápu.“

Síðan voru mældar þær skemmdir, sem efni þessi höfðu orsakað á augun. Þetta var gert með að mæla þykkt hornhimnu augans.

„Svæfilyf reyndust ekki nauðsynleg, en kanínurnar voru skorðaðar af og aðstoðarmaður hélt höfði þeirra kyrru og glennti upp augun á þeim, þegar slíkt reyndist nauðsynlegt.“

Iðnaðarrannsóknir eru viðamiklar og fara sífellt í vöxt. Sjóarmiðin á bak við þær eru verslunarlegs eðlis, þar eð þessar rannsóknir fást ekki við náttúrulega sjúkdóma, heldur við hættuna af eitrun og dauða vegna framleiðslu og notkunar ýmiss konar efna-sambanda.

Maðurinn hefur skapað svo að segja alla mengunarhættu sjálfur. Ekkert annað dýr hefur nokkru sinni dreift þvílíkri mengun í kringum sig. Og þegar verslunarfyrrtæki, rekin áfram af gróða-sjóarmiðum, halda áfram að auka framleiðslu ýmiss konar efna, eykst enn mengunarhættan.

Til að vernda orðspor sitt, prófa framleiðendur nú afurðirnar á dýrum, drepa þúsundir þeirra í eitri. Hægt er að prófa eiturverkanir á dýrum á ýmsa vegu. Hægt er að neyða efnin ofan í maga þeirra, sprauta þeim í æð, dreifa þeim á hörundið eða neyða dýrin til að anda þeim að sér með gasgrímum eða í gasklefum.

### **Atferlisfræðilegar rannsóknir.**

Bæði sálfræðingar og dýrafræðingar gera nú umfangsmiklar tilraunir á dýrum.

Atferlisfræðilegar athuganir orsaka þjáningar tilraunadýranna með ýmsum hætti, svo sem:

1. Dýrin látin vera án matar, vatns og valinna næringarefna.
2. Stress — afleiðingar langvarandi ógnunar eða refsingar.
3. Útilokun skynjunar. T. d. þegar dýrin eru alin upp í algjöru myrkri, eða lokað er fyrir snerti- eða þefskyn þeirra.
4. Félagsleg einangrun. T. d. aðskilnaður unga frá mæðrum eða einangrun einstaklinga, stundum í litlum kössum eða í myrkvudum, hljóðheldum klefum.
5. Heilauppskurður. Vísitandi eyðilegging eða örvun vissra heilahluta til að athuga áhrif þessa á atferli.



6. Refsing. Rafstuð eða önnur sársaukafull áreynni til að athuga námsferil.
7. Lyf. Sálfræðingar athuga einnig áhrif ýmiss konar lyfja — lyfjagjafa og lyfjaskorts á atferli dýra.

#### **Dæmi um breskar rannsóknir.**

1. Í sálfræðideild Exeter háskóla voru 150 rottur hafðar matarlausar í einn sólarhring og gefin rafstuð. Í ljós kom, að eftir að hafa fengið samfellt rafstuð í hálfu mínútu, átu rotturnar minna magn af mat!

2. Atferlisfræðingar í Cambridge athuguðu áhrif aðskilnaðar frá móður á nýfædda apa.

Tveir ungar, sem tvisvar höfðu verið aðskildir frá móður, dóu tæplega árgamlir og einn ungi, sem skilinn hafði verið frá móðurinni í langan tíma dó á fjórum vikum og „engin ákveðin dánarorsök fannst.“

3. Sálfræðingur í Cambridge blindaði apa með því að skera burt sjónstöðvar heilans. „Fyrir sex árum var api, Helen að nafni, blindaður með að nema burt sjónstöðvar heilans. — Síðan hefur hún ekki þekkt einn einasta hlut,“ skrifar hann. Hann heldur áfram: „Upp úr verkinu slitnaði, þegar við fluttum frá Cambridge til Oxford. Helen fór með okkur, en ég varð að ljúka ákveðnu verki, svo hún var látin ein hjá útbúnaði, sem gat haldið í henni lífinu í litlum klefa, í tíu mánuði.“ Sálfræðingurinn gerir frekari athugasemdir varðandi atferli Helenar: „Helen rakst á allt, sem á vegi hennar varð, hún datt um fætur mína og féll nokkrum sinnum í laugina.“

#### **Hve langt á að ganga varðandi öryggisprófanir?**

Smábörn, brjálæðingar, fyllibyttur, hálfvitar og sjálfsmorðingjar eiga það til að reyna að éta svo að segja hvað sem er. Ættum við þess vegna „í öryggisskyni“ að neyða *alla* framleiðslu niður í kok tilraunadýra til að komast að, hversu eittraðar nálar, hnetur, boltar, skór, sokkar og steikarpönnur eru? Þarna er ekki hægt að draga neina skynsamlega markalínu. Sumir geðsjúklingar eru æstir í að éta öryggisnælur — þýðir það, að prófa verði eiturvekanir öryggisnæla á tilraunadýr? Bón, freyðibaðvökvi og frostlegir hafa þegar verið prófaðir á dýrum . . .

Í mörgum tilfellum eru nýjar vörur ónaudsynlegar. Við eigum nógu góðar sápur og höfum átt í aldraðir. Svo hvað höfum við



með nýjar sáputegundir að gera? Við eigum nógu góð ilmvötn og andlitspúður — því þarf að troða nýjum gerðum upp á okkur? Þarna er ekki um þarfir neytandans að ræða, heldur gróðafýkn framleiðandans. Í mörgum tilfellum er eina ástæðan græðgi kaupmangara.

Annað hryllilegt rannsóknarsvið, sem skýlir sér undir merki læknisfræðinnar, er höfuðflutningur og viðhald lífs í höfðum einum saman án búks og einnig heilum, sem fjarlægðir hafa verið úr höfðum. Prof. J. R. White (bandarískur) hefur framkvæmt fjölda slíkra tilrauna á öpum. Hin einangruðu höfuð og heilar apanna lifa í rannsóknarstofu hans, algjörlega ósvæfð. Rafritar tengdir við þá sýndu, að þau virðast með fullri meðvitund og geta numið hljóð. Vitum við, hvers konar martröð einangraður heili upplifir? Einn af starfsmönnum prófessorsins lýsti skoðun sinni á þessu: „Trúlega eins og þeim, sem vaknar gjörsamlega lamaður.“ Einangruð apahöfuð halda áfram að sjá og finna lykt. Þau reyna jafnvel að bíta kvalara sína með hvítu flibbana. Rússneskir rannsóknarmenn hafa einnig sérhæft sig á þessu Frankenstein-sviði og hafa stoltir birt myndir af hinum tvíhöfða hundum sínum — bæði höfuðin með fullri meðvitund og matast hvert í sínu lagi. Eitt af þessum fyrirbærum lifði í 29 daga og svaraði hvort höfuð um sig nafni sínu. Svipaðar rannsóknir hafa átt sér stað í breska lækna-skólanum í Birmingham, en þar hafa kattarheilar, sem voru ósvæfðir og með fullri meðvitund, voru athugaðir með tilliti til áhrifa ýmiss konar lyfja á þá.

Athugun á áhrifum eiturlyfja á dýr er önnur sérgrein, sem virðist ónauðsynleg en gerir tilkall til þess að kallast læknisfræðileg. Neysla manna af eiturlyfjum er meiri en nóg — og getur hver og einn rannsakað hana — samt lifa margir vísindamenn — t. d. í Bretlandi — á því að dæla morfíni og heróíni í apa.

Einnig er ástæða til að athuga krabbameinsrannsóknir. Vitað er að í mörgum tilfellum eru rannsóknir, sem koma málinu ekkert við, þ. e. gagnlegum krabbameinsrannsóknnum, kallaðar krabbameinsrannsóknir, svo að styrkir fáist út á þær. Sumir vísindamenn tala í gríni um þetta sín á milli sem „krabbameinsleikinn“. Það er enginn skortur á peningum til krabbameinsrannsókna — aðeins skortur á hugmyndum. Ótaldar milljónir dýra hafa dáið í krabbameinstilraunum á þessari öld — og árangurinn verið lítill.

Oft heyrast rannsóknarmenn verja starf sitt með því, að tilgangurinn sé að bæta lífsskilyrði manna. Það er kominn tími til



að efast um réttmæti slíkra fullyrðinga. Sé þessum rannsóknarmönnum svona annnt um meðbræður sína, hvers vegna fela þeir sig þá inni á rannsóknarstofum . . . ? Þessir vísindamenn ættu að berjast gegn sjúkdómum og þjáningum á sjálfri víglínunni, þar sem þeir gætu séð árangur verka sinna. Í mörgum hlutum heims þekkjast hvorki læknávísindi né læknar. Ef „vivisectorinn“ (vivisector: sá, sem kryfur lifandi verur) hefur svona miklar áhyggjur af meðbræðrum sínum, þá ætti hann að vera í afrísku frumskógunum eða suður-ameríku fenjunum og berjast gegn læknanlegum sjúkdómum sem þar drepa menn vegna þess, að engir læknar eru til staðar.

Raunverulegur grundvöllur margra rannsókna er persónulegur metnaður . . .

*Ólafur Halldórsson, líffræðingur.*

(Framhald síðar.)

## Hlutir frá álfum.

Enn hefur það gerst, að Þjóðminjasafni hefur borist hlutur, sem sagður er frá álfum kominn. Í Morgunblaðinu, 3. júní 1976, stendur eftirfarandi fréttagein:

*Það er ekki á hverjum degi að Þjóðminjasafni berast safngripir, sem komnir eru úr álfheimum. Þó gerðist þetta í gær. Öldruð kona, sem nú dvelst á Ellibeimilínu Grund, kom þangað og færði safninu að gjöf forlata silkiklút, nær 200 ára gamlan og kominn frá huldukonu.*

*Gefandi klútsins heitir Sigbrúður Arinbjarnardóttir og er frá Kollabúðum í Þorskafirði. Hún hefir átt klútinn um rúmlega 60 ára skeið og vildi nú koma honum í trygga geymslu.*

*Saga klútsins er í fáum orðum þessi:*

*Á 18. öld var það enn síður að hafa í seli og Kollabúðir áttu sel fram á Kollabúðadal inni á milli fjalla. Dóttir bónda var þar selmatselja um nokkur sumur, seinast 1781. Þá var það um haustið, fáum dögum áður en hún átti að fara heim úr selinu, að hún lagði sig til hvíldar um bjartan dag og blundaði. Dreymir hana þá, að til hennar kemur ung og fögur kona og þakkar henni með hlýjum orðum fyrir góða viðkyrningu, meðan hún hefði verið í selinu. Segist hún svo hafa lagt litinn hlut sem þakklætisvott á milli mjólkurtroganna. Hvarf hún síðan. En er ráðskonan vaknaði gekk hún fram í mjólkurskálann að*



*skyggjast eftir þessum hlut. Og þar lá böggull á milli mjólkur-troganna. Í honum voru tveir gripir mjög fagrir úr silki. Var annar höfuðtraf en hinn handlín, eða stór klútur.*

*Enginn efadist um að gjafir þessar væri frá huldukonu. Trafið mun glatað fyrir löngu, en klúturinn hefir lengstum verið geymdur á Kollabúðum og hans gætt eins vel og svo góður gripur verðskuldar, enda sér ekkert á honum eftir nær 200 ár.*

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Þjóðminjasafnið eignast hlut, sem rekja má til álfa.

Og í þessu samhengi má einnig minna á silfurfesti eina skagfirska, sem gerð var að umtalsefni og sýnd í sjónvarpinu á gamlársmiddag 1973. En hún var sögð frá álfum komin.

Ef rétt er frá skýrt, um tilkomu þessara hluta, og annarra hliðstæðra, og ég sé ekki ástæðu til að rengja, þá er hér um hluti að ræða, sem komnir eru frá öðrum hnöttum. Er þar um afar merkilegt mál að ræða. Líkamning eða efnun hluta og lifandi vera er langt frá því að vera einsdæmi á okakr jörð, því óteljandi frásagnir eru af slíkum fyrirbærum, og sumum vel vottfestum.

Ég mun ekki að sinni gera frekari tilraun til skýringar þess háttar fyrirbæra, en vil minna á erindi Þorsteins Guðjónssonar 2. jan. 1975 í útvarpinu þar sem hann setur fram náttúrufraeðilegar útskýringar á slíkum atburðum. Erindi þetta var áður birt í 44. hefti af Félagsblaði Nýalssinna í nóvember 1974, og vil ég benda mönnum á, að lesa þessa grein.

*Ingvar Agnarsson.*

## **BÆNIN ER HUGSKEYTI**

Engin bók sem ég hef reynt að hugleiða hefir forðað mér betur frá að lesa Biblíuna sem gamanmál heldur en Nýalar dr. Helga.

Engin bók kennt mér betur að skilja Fjallræðu Krists. Getur fólkið ómögulega skilið að bænin sem Kristur leitast við að kenna fólkinu var aðferð að senda hugskeyti til æðra veldis, æðra jarðlífs. — Viðleitni til að opna sína eigin móttökustöð fyrir lífgeislun skapandi máttar. — Hvers vegna geta ekki allir skilið að bæn, hvort heldur það er biskupinn sem biður eða annar sem meinar það sem hann hugsar og segir, — er ekkert annað en hugskeyti,



*sent með sama síma sem miðillinn notar.* — Hvers vegna geta ekki allir skilið að frásögnin um að Óðinn teygi fák sinn um norðurljósin, er frásögn af einu og sama fyrirbæri, sögðu á máli tveggja samtíða.

Því meiri sem sálarstyrkur yðar er og vilji, þeim mun skýrara er sambandið og árangurinn betri. „Leitið þá munuð þér finna.“ — Ekki ætti að þurfa að byggja nýja stjörnusambandsstöð á Íslandi ef þær kirkjur sem tómar standa megin hluta árs væru meira notaðar með meiri skilningi. Mörg þessara húsa eru byggð af dásamlegri smekkvísi og list fyrir almanna fé, en örfáir nota nema af kreddubundnum vana en ekki til skilnings á æðra lífi.

*Guðmundur Guðbjartsson,*

## **Nokkur orð til lesenda LÍFGEISLA.**

Okkur er ánægja að skýra frá því, að orðið hefur mikil fjölgun fastra áskrifenda að tímaritinu LÍFGEISLAR undanfarið.

Nokkuð vantar þó enn á, að áskrifendur séu orðnir það margir, að áskriftargjöld þeirra nægi fyrir kostnaði við útgáfu þess, en slíkt er að nokkru forsenda þess að unnt sé að halda þessari útgáfu áfram. Því fleiri sem áskrifendur eru, því auðveldara verður að gera ritið vel úr garði, bæði hvað snertir útlit og efni.

Við beinum því enn þeirri ósk til lesenda LÍFGEISLA, að þeir geri sitt besta til að afla ritinu sem flestra nýrra áskrifenda.

Við viljum einnig, enn á ný, hvetja lesendur LÍFGEISLA til að senda hvers konar efni til birtingar. Vitað er, að mjög margir hafa frá ýmsu markverðu að segja úr eigin reynslu. Frásagnarefni vantar því ekki, heldur er oftast um hitt að ræða, að tiltölulega fáir skrásetja þessa reynslu sína, þótt oft sé hún sérstæð og á ýmsan hátt mjög athyglisverð.

*F.b. Félags Nýalssinna,*

*Ingvar Agnarsson.*



## ALHEIMSVÍÐÁTTAN

(Schiller, 1759—1805)

Ég er sá geisli,  
er guðs hönd skapanda  
fyrir úr ginnunga-  
gapi stökkti.  
Flýg ég á vinda-  
vængjum yfir  
háar leiðir  
himinljósa.

Flýta vil ég ferðum —  
fara vil ég þangað,  
öldur sem alheims  
á eiði brotna,  
akkeri varpa  
fyrir auðri strönd  
að hinum mikla  
merkisteini  
skapaðra hluta  
við skaut alhimins.

Sá ég í ungunum  
æskublóma  
stjörnur úr himin-  
straumum rísa,  
þúsund alda  
að þreyta skeið  
heiðfagran gegnum  
himinbláma.

Sá ég þær bliku  
á baki mér,  
er ég til heima-  
hafnar þreytti.  
Ókyrrt auga  
sást allt um kring —  
stóð ég þá í geimi  
stjörnulausum.

Flýta vil ég ferðum —  
fara vil ég þangað,  
*ekkert* sem ríkir  
og *óskapnaður*.  
Leið vil ég þreyta  
ljóss vængjum á,  
hraustum huga  
til hafnar stýra.

Gránar í geimi —  
geisa ég um himin  
þoku þungaðan  
þjótandi fram.  
Dunar mér á baki  
dökknaðra sólna  
flugniður allra,  
sem fossa deyjandi.



Kemur þá óðfluga  
um auðan veg  
mér í móti  
mynd farandi:  
„Bíddu, flugmóður  
ferðamaður!  
Heyrðu! Hermdu mér —  
hvert á að leita?“

„Vegur minn liggur  
til veralda þinna.  
Flug vil ég þreyta  
á fjarlæga strönd  
að hinum mikla  
merkisteini  
skapaðra hluta  
við skaut alhimins.“

„Hættu! Hættu!  
Um himingeima  
ónýtisferð  
þú áfram heldur.  
Vittu, að fyrir  
framan þig er  
ómælisundur  
og endaleysa.“

„Hættu! Hættu!  
Þú, sem hér kemur,  
ónýtisferð  
þú áfram heldur.  
Belja mér á baki  
bláir straumar  
eilífðar ógrynni  
og endaleysa.

Arnfleygur hugur,  
hættu nú sveimi!  
Sárþreytta vængi  
síga láttu niður.  
Skáldhraður skipstjóri,  
sköpunarmagn,  
fleini farmóður  
flýttu hér úr stafni.“

*Jónas Hallgrímsson þýddi.*



# Draumar

## Græni maðurinn. — Draumur.

### I.

Mig dreymdi, að ég gekk um borgarstræti, og kom þar, sem ég átti að hitta mann, í einhverjum ákveðnum tilgangi. Þetta var einskonar torg, og var þar fjöldi fólks. Maðurinn, sem ég hitti fékk mér stóran poka, fullan af einhverju, og átti ég að bera hann til einhvers annars staðar í borginni. En á meðan ég stóð þarna við, varð mér starsýnt á mann einn, sem framhjá gekk. Hann bar á baki lítið barn í körfu, en það var annað, sem þó vakti athygli mína: Maðurinn gekk með uppréttar báðar hendur, og með hvorri þeirra um sig hélt hann í efri endann á úttroðnum og mjög stórum poka. Voru þeir svo langir að þeir náðu næstum til jarðar, fyrir aftan hann. Mér þótti hann verða að neyta allrar orku, til að geta komist áfram með þessa byrði. Mér þótti svitinn drjúpa af honum, og ég sárkenndi í brjósti um hann, að verða að leggja þetta á sig.

Ég hljóp til hans, smáspöl, og tók undir neðri enda pokanna, því mig langaði til að hjálpa honum. Ég fann að þeir voru þungir. Maðurinn stansaði, og skiptumst við á nokkrum orðum. Mér þótti hann heita *Beobakti* (en það orð er mér algerlega ókunnugt úr vöku). Hann nefndi stað í borginni, sem hann ætlaði að fara á, með byrði sína. Ég veitti manninum nokkra athygli. Mér þótti hann vera útlendingur, og taldi, að hann væri Kínverji. (Það mun samt hafa verið algjör rangbýðing). Hörundslitur hans var fremur dökkur, þó ekki eins og litur sumra kynþátta okkar jarðar, heldur var hann grænleitur. Maðurinn var nakinn að mestu leyti, og tók ég sérstaklega eftir stórum bletti á mjöðm hans, því þar var eins og birta glampaði á, og kom þar græni liturinn sérstaklega vel í ljós.

Maður kom til okkar, og leit á hinar stóru byrðar. Hann bauðst



til að bera þær með honum. Varð ég því feginn, því ég vissi að ég varð að bera mína byrði, og einmitt á sama staðinn, þangað sem hinn ætlaði að fara. Ég sá þá ganga af stað. Útlendingurinn (sá græni), hélt í annan enda pokanna með uppréttum örmum eins og áður en hinn hélt um neðri enda þeirra. Ég gekk nú af stað aðra leið með mína byrði, og var hún létt. Gekki ég úr einu stræti í annað og kom á staðinn, sem fyrirfram var ákveðinn. Lagði ég af mér byrðina og fékk hana í hendur einhverjum, sem þar var fyrir. Fór ég nú að litast um eftir hinum, sem ég átti von á, að þarna kæmu. Varð ekki löng bið á því, að þeir kæmu. Lögðu þeir af sér pokana. Gekki ég til þeirra og gaf mig á tal við þá. Var sá „kínverski“ ákaflega sveittur, og glampaði á votan líkama hans, og veitti ég enn athygli græna litnum. Veitti ég einnig andlitsfalli hans nokkra athygli, og var það með öðrum hætti, en gerist á okkar jörð, en þó get ég ekki lýst því svo, að gagn verði að. Hann hvaðst verða að halda lengra áfram með byrði sína. Bauðst ég til að hjálpa honum á leiðarenda. Ég veitti enn nokkra athygli barninu á baki mannsins og hafði það sömu einkenni útlits og litarháttar og maðurinn sjálfur, og fannst mér það ekki ófrítt. Ég brosti til þess, og það brosti til mín á móti. Er hér var komið tók ég að losa svefninn og draumurinn varð ekki lengri.

## II.

Um þennan draum er ekki margt að segja, annað en það, að ég tel alveg víst, að „kínverjinn“ sem draumgjafi minn veitti athygli og vildi hjálpa, hafi verið íbúi annarrar stjörnu og ekki ættaður héðan af jörð. Útlitseinkenni hans eru slík, að ekki tel ég þau eiga við neinn íbúa okkar jarðar. Og á sama hátt hefur þá draumgjafi minn einnig verið íbúi þess sama hnattar, en e. t. v. af öðrum kynþætti, en sá, sem hann vildi hjálpa.

Til eru ýmsar lýsingar af mönnum, sem eiga að hafa komið hingað í „fljúgandi diskum“. eru sumir þeirra sagðir vera grænir á lit og er það í samræmi við litarhátt mannsins, sem draumgjafi minn sá. Þarf og ekkert að vera því til fyrirstöðu, að litarháttur hinna ýmsu kynþátta annarra mannkynja, sé með ýmsum hætti, sem og önnur líkamseinkenni, sem að einhverju leyti eru önnur en okkar.

*Ingvar Agnarsson.*

(Dreymt 4. október 1976.)



## Til stjarnanna. — Draumur

Mið dreymdi í morgun að ég var á miðilsfundi og hann var haldinn undir beru lofti. Við vorum nokkur saman og sátum í hring. Miðillinn segir að það sé að koma guðasamband hjá okkur. Ég finn mikinn kraft, sem streymir í mig, og vellíðanin er dásamleg. Ég hugsa með mér: „Nú ætla ég að hugsa til stjarnanna.“ Og þá finn ég mikla orku, og ég verð öll svo létt, að ég fer að svífa. Og vellíðanin var svo dýrðleg. Það streymdi í mig svo mikill kærleikur, að ég var alsæl. Ég fór svo hátt upp í loftið, að ég sá vítt yfir. Það var vatn, sem ég var yfir. Það var blátt og tært, og víðáttumikið allt í kringum mig. Bjart var yfir öllu. Ég segi svona: „Ég er lifandi, ég er ekki dauð.“ Mér kom ekki neitt ókunnuglega fyrir, það sem var að gerast, og ég vaknaði við það, að ég segi: „Mikið var þetta gaman.“

*Aðalbjörg Bjarnadóttir.*

## Draumur um jarðskrið o. fl.

Aðfaranótt 30. mars 1976 dreymdi mig eftirfarandi draum.

Mér fannst ég vera stödd úti, en umhverfi var öðruvísi en er hjá okkur. Þá sé ég að jörðin er á hreyfingu. Það var líkast því eins og hefði verið skorið úr henni langsum frá fjallinu mjó spilda, og fremst á þessari spildu var eins og hún hefði verið hækkuð upp. Þetta þokaðist hægt og sígandi áfram til sjávar. Þá tek ég eftir því að á þessari spildu er húsið heima (Tunga) og ég sé að það fylgir með. Eins sá ég að jörðin eða þessi spilda hafði losnað frá rétt ofan við Tungu, því þar sá ég eins og op frá þeim stað þar sem ég stóð. Þá fannst mér ég hrópa, að húsið heima sé að fara líka, en í því finnst mér ég sjá inn í húsið og sé að það er búið að tæma það alveg. Það var bjart inni, en í þessu finnst mér ég sjálf vera komin inn í húsið. Einhverjir fleiri voru þar. Ég man eftir mömmu — hún var á bláa morgunsloppnum sínum. Svo fannst mér þú (systir) vera þar líka. Mér finnst ég segja við mömmu: hvar dótið sé? Hún segir það vera í félagsheimilinu, en segir að það hefði verið betur farið með það á annan stað sem hún nefndi, en ég man ekki. Þá rak ég augun í gamla saumavél, sem mér fannst mamma eiga. Ég ætlaði að taka hana og fara með



hana út, en þá segir mamma að hún megi bara vera þarna. Mér fannst það leiðinlegt, en það varð svo að vera. Eins man ég eftir því að ég sá þarna þrenna inniskó; einir voru svartir flauelsskór með útsaumuðum rósum. Hinum man ég ekki eftir hvernig voru. Mér fannst þú (systir) eiga þessa skó, en í þessu að ég var að snúast þarna fann ég að húsið tók niðri eins og bátur sem siglir í strand og stendur á skeri, því að ég fann eins og kipp. Þá vissi ég að þetta var allt stoppað og fer út. Þá sé ég að húsið er djúpt niðri í jörðinni, og ég fann svo mikinn söknuð innra með mér og minningarnar þutu gegnum hugann þar sem ég stóð yfir litla lágkúrulega húsinu mínu þar sem það var. Mér fannst ég vera að kveðja gamlan vin, en allt var hjart og við þetta vaknaði ég, en húsið var ekki eins og það er núna. Mér stóð ógn af þessu hrúgaldi fremst á þessari spildu, — fannst það minna mig á skrímsli, og mér fannst ég vera búin að sjá þetta áður. En það er mér hulið hvenær það var eða við hvaða tækifæri.

*Guðlaug Bjarnadóttir, Neskaupstað.*

## **Mynd af framandi sólhverfi — Draumur**

Mig dreymdi að ég væri staddur í Reykholtsskóla og gengi út um aðaldyrnar. Fyrir utan blasti við mér prestshúsið, stórt og mikið og var það með háu risi. Húsið var rauðbleikt og voru margir litlir gluggar á suðurhlið hússins, eins og þeir hefðu verið settir þar af handahófi. Á austurhlið hússins var hægt að sjá að húsið var tveggja hæða, fyrir utan kjallara og ris. Ég gekk rakleitt að húsinu að austanverðu og innum veglegar dyr.

Fannst mér að ég væri staddur í kjallara hússins sem var stór salur. Salur þessi var lestrarherbergi eða bókasafn og voru bókahillur upp um alla vegg og á gólfi. Borð og stólar voru í salnum og sátu menn þar við lestur. Allbjart var þarna inni. Ég gekk rakleitt að bókahillu sem var á miðju gólfi og tók fram bók sem var grábrún og í skírnisbroti. Opnaði ég bókina að handahófi og blasti þar við mér mynd af sólkerfinu sem náði yfir báðar síður. Ég veitti því athygli að jörðin var önnur reikistjarna frá sólu og sú reikisjarna sem næst sólu var hét Titan. Það skal tekið fram, að ég vissi ekki þá að Titan væri eitt af tunglum Saturnusar.

Reikistjörnurnar voru mjög margar og þær voru flestar álíka



stórar sem næstar voru sólu og álíka langt á milli þeirra. Tvær ystu stjörnurnar voru minnstar, en mjög nálægt hvor annarri. Var önnur þeirra kölluð H-3 en hin H-2. Sporöskjulagaðar brautir voru dregnar frá hverri reikistjörnu og mér fannst eins og segulsvið sólar væri teiknuð inn á myndina. Ég tók eftir því að sól og reikistjörnur voru teiknaðar gular, á bláan flöt ásamt hvítum línum brauta þeirra. Draumurinn var ekki lengri.

*Þorsteinn V. Sveinsson á Úlfstöðum.*

## Skrautlitur ormur í draumi.

### I.

Mið dreymdi að við værum þrír saman, ég, fullorðinn maður og lítill drengur. Við krupum allir á gólfinu og vorum að horfa á orm, sem var þar að skríða. Skal nú reynt að lýsa honum að nokkru: Hann var á að giska um 10 sm langur og fremur grannur. Hann var marglitur, og einkum var framendi hans og haus fagurlitur, en hann var að mestu skærrauður. Ég sá móta fyrir augum og munn, en ekki get ég nú lýst því nánar.

Ormurinn skreið um gólfið allhratt, og mér þótti hann hafa ótal litla fætur, til að mjaka sér áfram með, í líkingu við þúsundfætl.

Mér þótti fullorðni maðurinn segja: „Við skulum brenna þetta kvikindi, þegar þið eruð búnir að skoða það, eins og ykkur lystir.“

Við drengurinn skoðuðum þetta litla dýr um stund, og vörnuðum því að fara langt eða sleppa frá okkur, með því að setja hönd fyrir framan það, og snéri það þá óðar við í aðra átt. En í eitt sinn tókst því samt að sleppa frá okkur undir hurð, sem var þarna rétt hjá, og inn í næsta herbergi. Við opnuðum þá óðar hurðina, og beindum orminum aftur fram fyrir. Að stundu liðinni þóttist ég segja við fullorðna manninn. „Við skulum ekki brenna orminn. Leyfum honum að lifa. Við skulum láta hann út.“ Mér þótti ég hafa mikla samkennd með þessum fallega ormi. — Endaði svo draumurinn.

### II.

Vera kann að draumur sem þessi þyki ekki merkilegur. Hann er stuttur og e. t. v. ekkert sérstætt eða sögulegt í sambandi við hann. En ef vel er að gáð eru þó nokkur atriði, sem eru verð nánari athugunar eins og með flesta drauma:



1. Ég hef aldrei í vöku séð orm í líkingu við þennan, og veit ekki hvort slíkur ormur er til á okkar jörð, en svo kann þó að vera.
2. Engar rangþýðingar eru í þessum draumi. Ég er að öllu sem annar maður, en ég er í vöku.
3. Litaskynjun mín er mjög næm. Í draumnum greini ég hina fjölbreyttu liti ormsins. Þetta sýnir allnáið samband við draumgjafa minn.
4. Athugun draumgjafans á orminum er allnákvæm, og talsvert af þeirri athugun og athygli kemst inn í minn sofandi heila, svo að munað verður.
5. Draumgjafinn hefur vakandi tilfinningu fyrir orminum og vill ekki láta drepa hann eða kvelja. Þessi tilfinning komst einnig til skila inn í vökuvitund mína.
6. Athugun draumgjafans á orminum er svo nákvæm, og kemst svo greinilega inn í vökuvitund mína, að auðveldlega mætti greina orminn til tegundar, ef þekking væri fyrir hendi af minni hálfu, og ef hliðstæðar tegundir væru til á okkar jörð.

*Ingvar Agnarsson.*

(Dreymt 17. apríl 1975.)

## **Draumur um sundlaug, sem gerð er af náttúrunnar hendi.**

Mig dreymdi, að ég kom að húsum nokkrum. Þótti mér þetta vera uppi í sveit. Gekk ég bak við húsin og sá þar hól einn eða bunguvaxna klöpp, sem var slétt að ofan og var svo sem 15—20 metrar á hvern veg. Ég sá fólk standa hjá þessari klöpp og gekk ég þangað. Sá ég nú að holt var undir klöppinni. Þar var hellir allstór með volgu vatni. Þóttist ég vita, að botninn í þessari laug væri alveg sléttur. Nokkrir unglíngar voru þarna að busla. Tók vatnið þeim í mitt læri eða í mjöðm. Virtust þeir vera mjög gladdir og ánægðir og njóta þess að baða sig í þessari sundlaug, sem auðsjáanlega var gerð af náttúrunnar hendi.

Ég þóttist kalla inn í hellinn til þeirra:

„Er gaman þarna?“

„Já, svo sannarlega.“



„Farið þið þarna oft í bað?“  
„Já, á hverjum degi, þegar við getum.“  
„Hvað er vatnið heitt?“  
„Það er um 30 stiga heitt.“  
„Eigið þið heima hér í nágrenninu?“  
„Já, við eigum heima hérna rétt hjá.“  
„Er þetta eina sundlaug sveitarinnar?“  
„Já, eina sundlaugin.“  
„Og dugar hún?“  
„Já, hún dugar, þetta er ágæt sundlaug.“  
Draumurinn var ekki lengri.

Sundlaug þessi í draumi mínum, minnir nokkuð á hinar volgu laugar við hraunjaðar í nágrenni Mývatns. En útlit klapparinnar í draumnum var þó allt annað, og eins hellirinn sjálfur með volga vatninu. Draumurinn var skýr og engar rangþýðingar úr vöku komu fram.

*Dreymt 13. apríl 1975,  
Ingvar Agnarsson.*

## **M Y R .**

### Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum

Fatast dómgreind þeim, sem aðra hatar  
afsakana engra til hann grefur.

---

Tilgangslaus er engin breyting alín.

---

Endalaust skal stefnt til styrks og yndis  
stærri sigra, vits og þroska hærri

---

Sannleikurinn alla vegi kannar.

---

Fegurðin er ylur andans loga,  
yfirsvipur vitsins, sem æ lifir.



# Sambandsfundir

## Miðilsfundur 24. september 1976.

*Sigurður Ólafsson (Sveini):* Sæl, sæl. Hér er Sigurður. Hér eruð þið komin í sambandstíma. Þið munduð vilja vita eitthvað um mig í framlífi, gamla kunningja og samstarfsmann, en ég hef nokkrum sinnum komið hér fram, og talað við ykkur.

Það er af mér að segja, að ég er hinn hraustasti og heilbrigðasti og er ég hraustur bæði andlega og líkamlega. Verð ég að lýsa gleði minni, að ég hef náð fullri heilsu og hreysti.

Hann er stórkostlegur þessi hnöttur, sem ég er á, og það líf, sem hér er lífað. Mjög er merkilegt samfélag fólksins hér. Samstilling lífenda hér er stórkostleg. Sagt hefur verið, að lífið sé tilraun til samstillingar, en hvort sú samstilling tekst hjá hinum ýmsu mannkynjum, er undir ýmsu komið. En fyrst og fremst er það nú undir hugarfarinu komið, og þeirri þekkingu, sem náðst hefur á þeim hnetti.

Margt hefur mér fyrir eyru og augu borið hér. Vil ég nefna það, að sjá líf hinna fullkomnari vera birtast hér. Þeir koma fram í sambandsstöð okkar hér, og lífið er þá hér nálægt því guðlega og kraftur frá þessum guðlegu verum streymir þá til okkar og hefur áhrif á allt líf okkar. Við mögnumst af guðlegum mætti.

Það er hægt að fullyrða það sem Helgi Pjeturss staðhæfði, að þetta efni standist. Það er síst ofsagt, er hann sagði um þýðingu slíks sambands við lengra komna lífendur alheimsins.

Viðleitni okkar hér til að samstillast verum annara hnatta er almenn og öllum áhugaefni, ekki aðeins örfáum einstaklingum, heldur er hér ríkjandi áhugi á, að þetta samband fari ávallt batnandi. Líf okkar er meira og minna við það miðað.

Margt er það á mínum hnetti í náttúrunni, sem hefur mótast af guðlegum mætti og á mjög fagran hátt. Ekki hef ég tök á að lýsa þessu öllu ennþá fyrir ykkur, sem ég hef hér heyrt og séð. En margt mun ég segja síðar af því lífi, sem hér er lífað og af náttúru hnattarins og því sambandi við aðrar stjörnur, sem hér er svo öflugt og svo stórkostlegs eðlis, að því verður varla með orðum lýst.



Þið þurfið að verða þátttakendur í meðvitund okkar betur, og um leið gætuð þið notið reynslu okkar, notið þess sem hér gerist með okkur. Munuð þið verða þess meðvitandi, að slíkt samband hnatta á milli er það, sem allt mannkyn þarf að öðlast. Ekki veit ég hvernig framtíðin verður, en þó get ég fullyrt, að framtíð mannkynsins gæti orðið mjög fögur ef lífið kæmist á rétta leið.

(Spurning: Átt þú heima á sléttlendi eða í fjalllendi?)

Hér er talsverð gróðursæld og fagurt landslag. Fjöll eru hér og dalir og ár, þar sem ég er. Ég bý nálægt borg, og er fagurt umhverfi hér. Er ég með garð. Og fagurt hús hef ég til að búa í. Það er fagurt útsýni héðan til fjalla og til sjávar. Ég vildi geta sagt meira um nágrennið hér.

(Spurning: Eru klettur í nágrenni þínu?)

Já, hér má sjá kletta og í þeim ýmsar bergtegundir, sem má athuga hér. Það er margt af fögrum steinum hér, og ýmsir litir koma fram í þessum steinum. Þeir eru fagrir og litskærir. Ekki veit ég, hvernig þeir eru nefndir. Þeir eru líkir jarðneskum steinum, en fegurri.

(Skiptist á dagur og nótt hjá þér?)

Já hér er um að ræða skiptingu dags og nætur. Og fagar stjórnur má sjá þegar dimmir og eru þær bjartar á heiðskírurum næturhimni. Heldur eru þær bjartari en stjörnur, sem frá ykkur sjást, og það er dásamleg fegurð, sem þar kemur fram á stjörnuþjórtum nóttum. Lífaflsvæði þessa hnattar er ótrúlega öflugt og því er mögulegt, að fara svífandi hér hvert sem við viljum. Það er jafnvel farið hamförum hér, er við förum hnatta á milli.

(Spurning: Hefur þú farið hamförum til annara hnatta?)

Hef ég átt þess kost og er það hið stórkostlegasta, sem ég hef lifað. Hamfaraf lutningur milli hnatta, er engu líkt, og milli vetrarbrauta. Stórkostleg var sambandsstöðin á annarri vetrarbraut, þar sem ég gat líkamast og með mér að vísu fleiri samstirningar mínir. Þar komum við fram við hinar stórkostlegustu móttökur. Æðri verur þess hnattar voru í stöðinni og þar var um æðra líf að ræða en manlegt. Það er guðlegt líf. Svo er það líf öflugt og fagurt, að orð þar um verða ekki nema svipur hjá sjón. Verður seint með orðum lýst þeirri fegurð og fullkomnun sem þar ríkir.

Ég á heima í sömu vetrarbraut og þið. Vissulega er svo ennþá. En við erum ekki staðbundin samt, því við getum farið stjarna og vetrarbrauta, eins og við viljum.



Mliljónir mynda hér lífheild og þessi lífheild, ásamt lífheildum annarra hnatta, magnast æ því meira sem lengur líður, og eflist að viti og góðvild og að guðlegum þroska. Þó að maður sé ekki beysinn á ykkar jörð, er hann þó í eðli sínu að guðlegum toga spunninn, og vísir að æðri veru, fegurri og vitrari. Maðurinn er þess vegna merkilegri en ýmsa grunar. Möguleikar hans eru ótrúlega stórkostlegir, þegar á rétta leið er komið.

Það þarf að hugsa stórt og djarft til að komast fram yfir mannsstigið. Það þarf að beina huga til stjarnanna, en ekki að horfa á tærnar á sér endalaust.

Það er að verða töluvert um framfarir í ýmsum rannsóknum á ykkar hnetti. Þokast heldur til skilnings á sambandseðli lífsins. En auðvitað er mest og merkilegast, það sem Helgi Pjeturss hefur uppgötvað þar að lútandi. Og það mikla stökk, sem þar átti sér stað, hafa jarðarbúar ekki fært sér í nyt ennþá, og er það skaði ekki lítill.

Var ég á jörð ykkar nýalskur í hugsun og enn er ég nýalskur í hugsun, þótt kominn sé á aðra jarðstjörnu. Heldur eykst þekking og færast æ meir út, eftir því sem fram líða stundir. Verður þetta allt ljósara og ljósara. Ég gæti nú sagt ykkur ýmislegt, sem mér hefur hér skilist betur en áður, í ýmsum efnum, en þó hefur það verið frekar í því, sem ég áður skildi best. Nauðsyn er að tileinka sér þetta, er Helgi Pjeturss hafði fram að færa, þann nýja skilning á lífi og heimi, er hann flutti mannkyninu. Ber margt til þess, að Helgi komst á hærra þekkingarstig, en nokkur hafði áður komist á ykkar jörð. Þekking hans og sannleiksást átti þar drýgstan þátt í, jafnframt því, sem hann lærði af þeim, sem best voru hugsandi og vitrastir, og bætti síðan þar við, svo að undrum sætir.

(Spurning: Hefur þú séð Helga Pjeturss?)

Já, séð hef ég hann og heyrt, og hef ég haft af því eigi litla ánægju og gagn.

(Spurning: Átt þú heima á sama hnetti og Helgi Pjeturss?)

Svo er nú að vísu ekki. En notið hef ég góðs sambands við hann og hans hnött. Stórmerkilegt þykir mér að sjá Helga, svo furðulega bjart sem er yfir honum og ljómandi í kringum hann, en hann er frábærlega fríður sínum og göfugmannlegur og geislar af honum göfgi og vitsmunir í meira lagi.

Margir hnettir, líkir jörðinni, frumlífshnettir, þar sem helstefnan ríkir, tengjast meira og minna og fylgjast að meira og minna í þróun lífsins. Þetta er ástæða til að menn athugi. Þessi helstefnu-



mannkyn mynda sterka heild. Þó er það að vísu ekki að öllu leyti heild sem skyldi, því þar skortir vit og þroska. Þetta má ræða nánar síðar.

(Spurning: Fæðast dýr á þínum hnetti?)

Já, hér er um fjölgun að ræða eins og hjá ykkur. Þótt um framlíf sé að ræða, þá er hér eins líf og hjá ykkur að þessu leyti. Ótal tegundir eru hér jurta og dýra, og mjög fagurt samband milli allra tegunda. Engin andstilling er milli neinna dýra eða jurta.

Fólk hér samstillist um að hlúa að því skínandi lífi, sem hnötturinn elur. Stórmerkileg er samstilling tegunda sumra í náttúr-unnar ríki. Birtist sú samstilling á æ fegurri hátt.

(Spurning: eru margar stjörnusambandsstöðvar á þínum hnetti?)

Ekki veit ég tölu á stjörnusambandsstöðvum hér. Þar er allt stórkostlegt og fagurt, þó bera sumar af að fegurð og mikil-leik.

(Spurning: Flytur fólk til ykkar hnattar einnig af okkar jörð?)

Sumt, en sumt ekki. Það er straumur hingað og straumur héðan til annarra hnatta. Þetta er þó töluvert margt fólk frá ykkar hnetti, en þó einnig margt frá enn öðrum hnöttum. Líkt er það þó að þroska og hæfileikum.

(Spurning: Er þetta fólk líkt okkur að útli?)

Já, það er líkt, mjög líkt.

(Spurning: eru fagrir gestir staddir í ykkar stöð núna, þar sem þú ert staddur?)

Það er meðal okkar ákaflega bjart ljós, mjög furðulega bjart og fagurt, sem má rekja til annars hnattar. En þegar það ljós er byrjað að sjást, þá er ekki langt þar til hér birtist gestur langt að kominn.

(Spurning: Geturðu lýst þessu fyrir okkur, hvernig þetta gengur til hjá ykkur núna?)

Segja má, að margir hnettir magni aflsvæðið hér nú, sameiginlega. En birtan er ákaflega fögur og furðulega skærir litir og litbrigði eru samfara birtunni og aðstreymi kraftar nær sífellt betri tókum á öllum, sem hér eru saman komnir. Ýmsir verða miklu bjartari en áður voru þeir, og stafar geislum frá höfðum allra hér, mjög björtum geislum. Það er eins og hér sé nú að myndast sveimur vera hátt yfir höfðum okkar, hér í þessum stóra sal. Það er ákaflega vaxandi birta og má nú sjá verurnar greinilega, hverja um sig, hve þær eru fagar og bjartar. Allar eru þær ákaflega tignarlegar og skínandi fagar. Ljósíð streymir til okkar allra frá



þeim. Ljósíð og krafturinn streymir til okkar. Talar nú til okkar fyrirliði þeirra.

Þessar verur allar eru hingað komnar frá mjög fjarlægum hnetti annarar vetrarbrautar. Það eru Æsir, Æsir. Stórkostleg er birtan frá þeim. Heyri ég þær mæla til okkar ákaflega fögrum rómi. Þær mæla í hendingum. Æsir og Ásynjur flytja okkur boðskap merkilegan. Það er á guðamáli mælt og boðskapur þessi er stórkostlega merkilegur í sambandi við tilraunir guðanna til björgunar mannkynjum helstefnuhnattanna, sem eru í vetrarbraut þessari mjög margir. Tala þeir um framtíð slíkra hnatta og möguleika til að hafa áhrif á þróunina þar. Til þess að segja frá þessu, þarf nú betri tök á þessu sambandi. Ég er farinn að koma mér nokkuð vel við. Sannfærður er ég um það, að starfsemi Nýalssinna er mjög þýðingarmikil og töluvert þýðingarmeiri, en ýmsa grunar, enn sem komið er. En enn er allt of dauft yfir þessu máli. Þetta er átak, þessi starfsemi, hjá því sem þyrfti að vera.

(Spurning: Þessir gestir ykkar þyrftu að geta komið hér fram.)

Það þyrfti að verða. Þá yrði mikil bót á högum ykkar og horfum, og hagur hnattarins mundi breytast til batnaðar. Þannig mundu veðurfarsbreytingar verða, og mjög til batnaðar, gætu guðirnir komið hér áhrifum sínum fram. Að stýra og stjórna veðurfari, er það sem þarf að takast, svo vel sé.

Dauði og þjáning er ekki óumflýjanleg örlög milljónanna. Reynt verður að koma hér fram hjálp, þaðan sem hærra er staðið, magnanarlega.

Sigurrós, kona. — Viljið þið bera henni bestu kveðju mína, ef hún heyrir nú ekki til mín. (Sigurrós virtist sofa. Aths. Ingvar). Helgi Pjeturss metur Sigurrósu mikils. Ég skynja oft til ykkar.

Ég vil minnast á hesta, því þeir eru ákaflega skemmtilegar skepnur. Margir þeirra eru hér, framliðnir af jörðinni. Ég átti ekki hest, en ég var hrifinn af þeim fögru dýrum. Hér eru margir enn efgurri, en þeir voru á jörðinni. Við látum okkur annt um sérhverja skepnu. Hér eru margir dýravinir og leggja þeir mikla rækt við hesta og aðrar skepnur. En ég ræði nú meira um þetta síðar og margt fleira.

Ég fer nú að slá botn í þetta og þakka ykkur vinsemd, að gefa mér tækifæri til að spjalla við ykkur með þessum hætti.

Ég þakka allt liðið. Verið sæl.

*Ingvar Agnarsson ritaði jafnóðum  
og talaðist.*



# Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna.

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: Ingvar Agnarsson.

---

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautahvirfing (Sjá forsíðumynd) I.A. ....	Bls.	110
Draumsambönd við aðrar stjörnur Þ.G. ....	—	111
Tveir frásögubættir Þ.J. ....	—	113
Fjórtaða öldin Þ.G. ....	—	116
Sýn á miðilsfundi H.J. ....	—	119
Um fórnardýr vísindanna Ó.H. ....	—	120
Hlutir frá álfum I.A. ....	—	127
Bænin er hugskeyti G.G. ....	—	128

### LJÓÐ:

Aleimsvíðáttan, Schiller, Jónas Hallgrímsson þýddi	—	130
--	---	-----

### DRAUMAR:

Græni maðurinn. — Draumur. I.A. ....	—	132
Til stjarnanna. — Draumur. A.B. ....	—	134
Draumur um jarðskrið o. fl. G.B. ....	—	134
Mynd af framandi sólhverfi. — Draumur. Þ.V.S. ....	—	135
Skrautlitur ormur í draumi. I.A. ....	—	136
Draumur um sundlaug, sem gerð er af náttúrunnar hendi. I.A. ....	—	137

### SÁMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 24. september 1976 .....	—	139
Sigurður Ólafsson.		

### MYR:

Spakmæli og snilliorð Þ. J. ....	—	115
Spakmæli og snilliorð Þ. J. ....	—	138

Nokkur orð til lesenda Lífgeisla I.A. ....	—	129
--	---	-----